

GJALDSKRÁ

um byggingarleyfisgjald, afgreiðslu- og þjónustugjöld byggingarfulltrúa, framkvæmdaleyfisgjald og gjöld vegna skipulagsbreytinga í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari.

Lóðarhafar og framkvæmdaaðilar í Seyðisfjarðarkaupstað greiða til kaupstaðarins eftirtalin gjöld samkvæmt samþykkt þessari:

- A. Byggingarleyfisgjald.
- B. Afgreiðslu- og þjónustugjöld vegna mannvirkjamála.
- C. Framkvæmdaleyfisgjöld.
- D. Gjöld vegna vinnu eða breytinga á skipulagsáætlunum.

2. gr.

Byggingarleyfisgjald.

Innheimta skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja þá framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir.

Byggingarleyfisgjald er grunngjald, að viðbættu gjaldi pr. m³ byggingar. Þó skal ekki innheimta byggingarleyfisgjald fyrir byggingar sem eru 10 m² eða minni, nema um viðbyggingar sé að ræða.

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útmæling fyrir húsi og hæðarkóta og reglubundið eftirlit, eftir því sem við á.

	Tegund byggingar / framkvæmdar	Grunngjald kr.	Gjald per m³ kr.	Athugasemdir
A	Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum í þéttbýli og í dreifbýli stærri en 10 m ²	41.000	300	
B	Byggingar á athafna-, iðnaðar- og hafnarsvæðum	85.000	180	
C	Byggingar á verslunar- og miðsvæðum	122.500	300	Rúmmetragjald pr. m ³ upp að 1.000 m ³
D	Byggingar á svæðum fyrir opinberar stofnanir	122.500	300	Rúmmetragjald pr. m ³ upp að 1.000 m ³
E	Byggingar á svæðum fyrir fristundahús	9.000	56	
F	Byggingar á landbúnaðarsvæðum, aðrar en íbúðarhús og hús til gistireksturs	9.000	56	Rúmmetragjald pr. m ³ upp að 1.000 m ³
G	Byggingarleyfi vegna sólpalla, loftneta, girðinga, minni háttar breytingar á húsnæði o.þ.h.	9.000	0	
H	Gjald vegna leyfisskylds niðurrifs mannvirkja	18.800	0	
I	Endurnýjun byggingarleyfis (óbreytt endurnýjun)	18.800	0	

3. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld vegna mannvirkjamála.

Gjalddagi afgreiðslu- og þjónustugjalda vegna mannvirkjamála miðast við útgáfu viðkomandi vottorða og ákveðst samhliða því að önnur þjónusta er veitt.

	Tegund þjónustu:	Gjald, kr.	Athugasemdir
1	Útgáfa stöðuleyfis	15.000	Eftirlit og úttekt byggingarfulltrúa sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.þ.h.
2	Lóðarúthlutunargjald	37.700	Greiðist við úthlutun lóðar og er óendurkræft, þó úthlutun gangi til baka
3	Fokheldisvottorð	15.000	

	Tegund þjónustu:	Gjald, kr.	Athugasemdir
4	Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	22.500	
5	Lokavottorð og lokaúttekt	28.500	Krónur 28.500 fyrir hús á svæðum fyrir verslun og þjónustu, opinberar byggingar, iðnað og athafnasvæði. 50% lægra gjald fyrir aðrar byggingar
6	Afgreiðsla eignaskiptayfirlýsingar	22.500	
7	Vottorð vegna vinnveitingaleyfa	15.000	
8	Endurskoðun aðaluppdráttar	15.000	
9	Stofnun lóða	37.700	Þegar hús er fokhelt
10	Aukaúttekt byggingarfulltrúa	15.000	
11	Úttekt vegna útleigu húsnæðis	22.800	
12	Skannaðar eða ljósritaðar teikningar. Stærri blöð en A4	800	Á einnig við teikningar sem sendar eru rafrænt
13	Önnur þjónusta byggingarfulltrúa	10.000	Tímagjald byggingarfulltrúa og/eða aðkeypt vinna, skv. reikningi

4. gr.

Framkvæmdaleyfisgjöld.

Innheimta skal framkvæmdaleyfisgjald fyrir hverja þá framkvæmd sem framkvæmdaleyfi er gefið út fyrir. Gjaldið má ekki nema hærri upphæð en nemur kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfisins og eftirlitið, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar þjónustu.

Framkvæmdaleyfisgjald samkvæmt eftirfarandi töflu eru innheimt við útgáfu framkvæmdaleyfis. Gjald dags eftirlitsgjalds er í kjölfar eftirlits:

	Tegund þjónustu	Gjald, kr.	Athugasemdir
16	Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis:		
16.1	Afgreiðslugjald	3.000	
16.2	Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðmiðunargjald	100.000	Gjald er reiknað í hverju tilviki út frá áætluðu umfangi framkvæmdar. Gjald skal standa undir kostnaði við útgáfu leyfis og eftirliti með framkvæmd
16.3	Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald	50.000	Gjald er áætlað í hverju tilviki út frá áætluðu umfangi framkvæmdar. Gjald skal standa undir kostnaði við útgáfu leyfis og eftirliti með framkvæmd
16.4	Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi	10.000	Tímagjald byggingarfulltrúa og/eða aðkeypt vinna, skv. reikningi

5. gr.

Gjöld vegna breytinga á skipulagsáætlunum.

Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða gera breytingu á henni vegna leyfisskyldra framkvæmda getur sveitarstjórn innheimt gjald fyrir skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna þeirrar framkvæmdar, samkvæmt eftirfarandi töflu. Gjaldið skal ekki nema hærri upphæð en nemur kostnaði við skipulagsgerðina og kynningu og auglýsingu skipulagsáætlunar og eru einstakir gjaldaliðir því settir fram til viðmiðunar. Gjald dags gjalda vegna skipulagsáætlana miðast við það þegar vinna fer fram og/eða kostnaður fellur til.

	Tegund þjónustu:	Gjald, kr.	Athugasemdir
5.1	Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga:		
5.11	Afgreiðslugjald	6.000	
5.12	Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. gr. 4.8.2, viðmiðunargjald	135.000	Viðmiðunargjald
5.13	Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. gr. 4.8.2	130.000	
5.14	Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. gr. 4.8.3	75.000	
5.2	Kostnaður vegna deiliskipulags:		
5.21	Afgreiðslugjald	6.000	

	Tegund þjónustu:	Gjald, kr.	Athugasemdir
5.22	Nýtt deiliskipulag, sbr. gr. 5.3		Aðkeypt vinna samkvæmt reikningi
5.23	Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. gr. 5.6	130.000	
5.24	Breytingar á deiliskipulagsupprætti, sbr. gr. 5.8.1 og gr. 5.9.6		Aðkeypt vinna samkvæmt reikningi
5.25	Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna verulegra breytinga, sbr. gr. 5.8.1	75.000	
5.26	Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga, sbr. gr. 5.8.2	55.000	
5.27	Grenndarkynning vegna breytingar á deiliskipulagsupprætti	30.000	
5.3	Kostnaður vegna grenndarkynningar:		
5.31	Grenndarkynning	30.000	

6. gr.

Ýmis ákvæði.

Öll gjöld samkvæmt samþykkt þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í ágúst 2013 (grunnur 2010, 118,7 stig). Endurreikna skal gjöldin í upphafi hvers almanaksárs, á grundvelli vísitölu byggingarkostnaðar í janúar og skal sá útreikningur gilda til loka viðkomandi árs.

Upphæð gjalda samkvæmt 4. gr. skal taka mið af kostnaði við þjónustu og einstök verkefni og skal byggð á áætlun þar sem rökstudd eru þau atriði sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður.

Öll gjöld samkvæmt samþykkt þessari eru ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989. Framkvæmdaleyfisgjöld og gjöld vegna skipulagsvinnu njóta þó ekki lögveðsréttar. Séu gjöld ekki greidd á eindaga skulu reiknast dráttarvextir frá gjalddaga, skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Kostnaður lóðarhafa vegna lóðar sem er skilað eða þegar byggingarleyfi er afturkallað, vegna atriða er varða lóðarhafa, svo sem hönnunar- og rannsóknakostnaður á lóðinni er ekki endurgreiddur frá kaupstaðnum. Staða lóðarhafa fer þá eftir gildandi verklagsreglum vegna lóðaskila eða öðrum ákvörðunum bæjarstjórnar.

Sé lóð afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi eftir að undirstöður eru fullgerðar, eða á síðari stigum byggingarframkvæmda, skal dómkveðja tvo matsmenn til að verðleggja þær framkvæmdir sem unnar hafa verið, enda hafi þær verið teknar út og viðurkenndar af byggingarfulltrúa. Kostnað vegna matsins greiða sveitarfélagið og lóðarhafi að jöfnu. Seyðisfjarðarkaupstaður skal leysa til sín lóðina með mannvirkjum á grundvelli mats hinna dómkvöddu matsmanna að frádreginni hlutdeild lóðarhafa í kostnaði vegna matsgerðarinnar.

7. gr.

Samþykkt og gildistaka.

Byggingarleyfisgjald og afgreiðslu- og þjónustugjöld vegna mannvirkjamála byggja á 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Gjöld vegna framkvæmdaleyfa og vinnu við skipulagsáætlanir byggja á skipulagslögum nr. 123/2010, sbr. 20. gr. laganna, sbr. einnig 18. gr., sbr. 2. mgr. 38. gr. laganna.

Samþykkt þessi öðlast gildi við birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, 20. nóvember 2013.

Vilhjálmur Jónsson bæjarstjóri.